

274 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Konungs- og drottningarsjóð Lands-
28. des. spítala Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28.
desember 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Konungs- og drottningarsjóð Landsspítala Íslands.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf Kristjáns konungs Tíunda og Alexandrínu drottningar árið 1921. Var gjöfin tíu þúsund króna fjárhæð, er síðan hefur legið á vöxtum í Landsbanka Íslands og nam um síðustu áramót kr. 32841.86.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til Danmerkurfarar sjúklinga á Landsspítalanum, sem að dómi lækna spítalans þurfa að leita úr landi sér til lækningar, enda í Danmörku talinn kostur viðeigandi læknishjálpar.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá stjórnarnefndar ríkisspítalanna, eða þeirrar stofnunar, sem koma kann í hennar stað, og undir yfirstjórn hlutaðeigandi ráðuneytis.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands eða öðrum jafn tryggum stað og á þann hátt, sem arðvænlegast þykir.

5. gr.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa ríkisspítalanna eða sú stofnun, sem koma kann í hennar stað. Reikninga sjóðsins skal endurskoða árlega á sama hátt og reikninga ríkisspítalanna.

6. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna úthlutar styrkjum úr sjóðnum eftir tillögum hlutaðeigandi yfirlæknis Landsspítalans.

Aldrei má úthluta meira úr sjóðnum en svo, að ekki hafi, þegar úthlutun fer fram, lagzt við höfuðstólinn til uppjafnaðar frá því að stofnskrá þessi tekur gildi a. m. k. $\frac{1}{4}$ vaxtanna auk vaxtavaxta.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari. Skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna og taka gildi 1. janúar 1951.